

## Lög

Nr. 28.  
3. nóv.

um

kosningar til Alþingis.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**I. Kjördæmakosningar.****Kosningarrjettur og kjörgengi.**

## 1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því, að greiða nægilega hátt útsvar.

## 2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

## 3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

Nr. 28.

4. gr.

3. nóv.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðs-störf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá öðlast gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjör-gengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

### Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landdstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórnana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá vika sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kys úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sju varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá eldri. Nú vikur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni, meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað. Nr. 28.  
3. nóv.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af Stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

### Samning kjörskrár.

#### 9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir, að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúar og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

#### 10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlí næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

#### 11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að visu hafa ekki kosningarrjett, þegar kjörskráin öðlast gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

#### 12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er lögð fram, skal auglýsa hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern, næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

#### 13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því er kjörskráin var lögð fram, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til

Nr. 28. stuðnings máli sínu. Sje kærán um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett 3. nív. til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærinni, og skal gagnert senda með það til viðtakanda.

## 14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutað-eigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar-eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu  $\frac{1}{3}$  styttri, og að samrit auka-kjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

## 15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag apríl-mánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maí-mánaðar skýra Stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

## 16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirjetti, og skal dómarrinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann á kjörskrá, þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

## 17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrá og aukakjörskrá skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftár en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

### Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

## 18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess. Nr. 28.  
3. nóv.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannæfna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eðø þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að frambóðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar Stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

#### 19. gr.

Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi, sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.


### Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

#### 20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um frambóð þingmannæfna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannæfnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákyæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórnin annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannæfna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannæfni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje 2½ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, ½ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

Nr. 28.  
3. nív.



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sjer, og skulu þeir vera svo brotnir, að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða röndin á seðlinum falli á svarta bordann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notaðþá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðar-sending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjórskrá í hennar umdæmi og 10% fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúð-um, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje audið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnfremt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög, fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til

yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Nr. 28.  
3. nív.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til varð. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skel jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

### Kjördagur.

#### 23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

### Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

#### 24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

#### 25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku vól, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum festi niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

#### 26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti, atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

**Kosningarathöfnin.**

## 27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórnarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

## 28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

## 29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

## 30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

## 31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning, byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

## 32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrettu sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni, og nafn og heimili kjósenda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.



## 33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um, að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilreindum ástæðum.

## 34. gr.

Meðkjörstjórnarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósenda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

## 35. gr.

Aður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin, eða umboðsmenn þeirra, gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

## 36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekktanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

## 37. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og, ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sjer stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókina. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram, uns allir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kalli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

## 38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða  $\frac{1}{4}$  klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar.

Nr. 28.

3. nív.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

## 39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágreiningsálitid bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

## 40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið, og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

## 41. gr.

Til alls þessa skal nota umslag þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með sæmtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

## 42. gr.

Þá er kosningæræthöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningærgjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

## 43. gr.

Þegar búid er að loka báðum umslögnum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

## 44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal Stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu, svo fljótt sem verða má.

## 45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi, sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í annari málsgrein 51. gr. þessara laga.

**Kosningarúrlit.**

## 46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

## 47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjösendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

## 48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrlitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögum með ágreiningsseðlum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir Stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlum, sem Stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

## 49. gr.

Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar

Nr. 28. seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til ein-  
3. nív. hvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er Stjórnarráðið segir fyrir um, og senda Stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málslíðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

### Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá Stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyriræmum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrá þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

**Kostnaður.**Nr. 28.  
3. nóv.

56. gr.

Kjörstjórer í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar eða bæjarsjóði.

**Kærur um kjörgengi.**

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skæl hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarútslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kærana svo fljótt sem verða má til Stjórnarráðsins. Sendir Stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærana varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

**II. Hlutbundnar kosningar.****Kosningarrjettur og kjörgengi.**

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar Alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

**Kjörstjórn.**

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af Stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirskjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

**Kjörskrár.**

60 gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrá, skrá yfir alla þá, er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða

Nr. 28. hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda 3. nív. og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

### Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

#### 61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna þeirra, sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknud svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaðingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda á landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

#### 62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sju umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargjörð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

### Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

#### 63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sju gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur

teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutað-  
eigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger. Nr. 28.  
3. nóv.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera  
kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverir  
framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista  
og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi er gildur er tekinn, komið til  
landskjör-stjórnarinnar í tæka tíð þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir  
landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

#### 64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp,  
þannig að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af  
öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera  
skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð, undir sínum bókstaf, og skulu vera  
feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver  
við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista  
aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan  
hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta  
þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu  
vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út þannig að ekki sjáist lettrið á þeim, og skal  
svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

#### 65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal Stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá,  
er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að  
vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og  
bæjarfógetum í ábyrgðarsendingum jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnar-  
umdæmi hvers þeirra og nægilega marga seðla umfram, ásamt hæfilega mörgum listum  
með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til  
handa kjörstjórnnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar, sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjör-  
stjórnnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda,  
jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10 % umfram.  
Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar  
með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná  
út seðlunum án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul  
óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð  
hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

### Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

#### 66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmlæum 24.—26. greinar  
í lögum þessum.

### Kosningarathöfnin.

#### 67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri  
breytingu að kjósandi markar kross, rjettan kross aða skákross við bókstaf þess lista á  
kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst

Nr. 28. getur fyrir mælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrík eða langstrík yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig saman brotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta þess, er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir tekið við öllum atkvæðakössunum úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og innsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskeipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykll að kassanum í sjerstöku innsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnnum, skýrsla um tölu seðla þeirra, sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

#### 68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá á landinu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrettu sínu. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

### Kosningarúrlit.

#### 69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða, með viku fyrirvara að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.



## 70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu óskoðduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómmt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf þann, er hefir verið krossað við á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í búnka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern búnka.

## 71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekktanlegan.
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum og telst sá listi þá valinn af kjósenda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

## 72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr búnkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en

Nr. 28. meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð  
3. nív. við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að fráðreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabúnkarnir eru þannig upplesnir skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupp-hæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

## 73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig, að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun, með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið. Kosningaúrslitin skulu birt í B-deild Stjórnar-tíðindanna.

## 74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutað-eigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla, svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutað-eigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

## 75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða, þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasendingin ekki í tæka tíð, er Stjórnarráðinu skylt að gera þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnum listanna, eftir því sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

## 76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfararni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið

kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu að síður autt sæti aðalmanns Nr. 28. en Stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. 3. nóv. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá Stjórnarráðið kosningu á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosningu eins og lög þessi mæla fyrir um kosningu landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu komu í staðinn fyrir.

#### 77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendiferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er Stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

#### 78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmaðnn, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því er kosningarútslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kærana svo fljótt sem verða má til Stjórnarráðsins. Sendir Stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kærana varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

### III. Almenn ákvæði.

#### 79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

#### 80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir liður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á gert ádrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt sem kostur er á.

#### 81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar, samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

#### 82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningu til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

Nr. 28.

3. nóv.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósenda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða geri sig seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 7 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sendingu atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasendingu.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breytingu á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis og þau eru birt í Stjórnartíðindunum.

### Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skifti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram 5. ágúst 1916, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1. vetrardag s. á.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrá og aukakjörskrá, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla þá, sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*